



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Föstudaginn, 14. ágúst 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar **14. ágúst 2009**, kl. 18,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Deiliskipulag Smára- og Sunnubrautar : Tillaga lögð fram af bygginga- og skipulagsfulltrúa. Nefndin mælir með tillögu að deiliskipulagi C.

Dagskrárliður 2

Lóðaumsóknir á sama svæði:

Umsókn frá Krák ehf. um lóðirnar Sunnubraut 9 til 19, ef lóðir eru til úthlutunar við Smárabraut er óskað eftir þeim frekar.

Nefndin leggur til að Krák ehf. verði úthlutað lausum lóðum við Sunnubraut samkvæmt tillögu að deiliskipulagi C. Bygginganefnd tekur ekki tillit til kjara.

Umsókn frá Krák ehf. um lóðirna Smárabraut 20 (18-20).

Nefndin leggur til að Krák ehf. verði úthlutað lóðinni Smárabraut 20.

Umsókn frá GÓ verk ehf. um lóðirnar Sunnubraut 9 til 19

Nefndin hefur áður lagt til að þessum lóðum sé úthlutað og þar með þessari umsókn hafnað.

Umsókn frá Jóni Bjarnasyni um lóðina Sunnubraut 9 undir einbýlishúsi.

Nefndin hefur áður lagt til að þessari lóð sé úthlutað, enn leggur til að Jóni verði úthlutað lóðinni Smárabraut 18.

Nefndin leggur til að úthlutnir þessar séu háðar því að framkvæmdir séu hafnar innan 6 mánaða frá því að deiliskipulag er staðfest.

Dagskrárliður 3

Krákur ehf. sækja um leyfi fyrir breytingu á stofuglugga á húsinu Brekkubyggð 20 Blönduósi f.h. Einars Höskuldssonar .

Nefndin samþykkir þessa breytingu.

Dagskrárliður 4

Lárus B. Jónsson óskar eftir að fundin verði lausn á lóðamálum Aðalgötu 3b, Blönduósi.

Byggingarfulltrúa falið að gera tillögu að lóðablaði sem lóðareigendur geta sætt sig við og leggja fyrir næsta fund.

Dagskrárliður 5

Lárus B. Jónsson óskar eftir að bygginganefnd skoði hvert hann má nota Koppagötu sem athafnasvæði á mótum iðnaðarhúsi sínu við götuna, byggingafulltrúi fór yfir málið á fundinum.

Nefndin hafnar þessari beiðni þar sem þetta fellur ekki að skipulagi.

Dagskrárliður 6

Önnur mál:

Skipulag gamla bæjarins frá 1998.

Stefán fór yfir stöðu skipulagsmála í sveitafélaginu.

Bréf til Jónasar Skaftasonar frá 28. júlí 2009 og bréf Jónasar Skaftasonar til Stefáns Árnasonar frá 31. Júlí 2009.

Bréfin lögð fram til kynningar.

Forföll boðuðu: Gauti Jónsson, Valgerður Gísladóttir og Andrés Leifsson.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20.45.

Þórður Pálsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)